



Reykjavík, 21. mars 2019.

Efni: Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Hinn 7. mars sl. birti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004, á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Frestur til að veita umsögn var veittur til og með 21. mars 2019.

Með reglugerðinni eru lagðar til breytingar á ákvæðum er varða ljósker og glitaugu ökutækja. SAF – samtök ferðaþjónustunnar telja ekki tilefni til að gera athugasemdir við ákvæði reglugerðardraganna. Hins vegar vilja SAF nota tækifærið og minna á atriði sem snýr að ákvæðum reglugerðar nr. 822/2004 og stendur félagsmönnum samtakanna nærri.

Í lið 16.02 í 16. gr. reglugerðarinnar er m.a. fjallað um hjólbarða með nögglum. Í 1. tölul. er kveðið á um að þegar snjór eða ísing er á vegi skuli hafa snjókeðjur á hjólum eða eftir akstursaðstæðum annan búnað, t.d. grófmynstraða hjólbarða (vetrarmynstur), með eða án nagla, sem veitt geti viðnám. Naglar í hjólbörðum á sama ási skulu vera sem næst jafn margir, sbr. 2. tölul., og til naglanna eru gerðar ítarlegar kröfur, m.a. um lengd og þyngd, í 3. og 4. tölul. Í 6. tölul. segir:

Keðjur og neglda hjólbarða má ekki nota á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október nema þess sé þörf vegna akstursaðstæðna.

Í ljósi framangreinds vekja SAF athygli ráðuneytisins á því að bílaleigubílar eru ferðinni um allt land árið um kring. Rekstraraðilar ökutækjaleiga hafa lagt sig fram við að bjóða leigutökum upp á vel útbúna bíla sem henta aðstæðum hverju sinni. Svo tryggja megi öryggi ökumanna og annarra vegfarenda hafa fyrirtækin boðið viðskiptavinum upp á bíla á negldum dekkjum þegar akstursaðstæður krefjast þess. Slíkar aðstæður geta verið uppi jafnvel frá byrjun septembermánaðar og langt fram í maímánuð.

Eins og ráðuneytinu er væntanlega kunnugt um er floti innlendra bílaleigubíla nokkuð stór enda er ferðamannaíðnaðurinn afar stór og mikilvæg atvinnugrein. Gróflega má ætla að dekkjaskipti þurfi að eiga sér stað á allt að fimm þúsund bílaleigubílum hvert haust og vor. Reynslan sýnir að það tekur ökutækjaleigur um sex vikur að ljúka dekkjaskiptum á öllum þeim flota. Ef ökutækjaleigunum ætti að takast að ljúka dekkjaskiptum að vori fyrir 15. apríl mundu fyrirtækin þurfa að hefja verkið upp úr byrjun marsmánaðar. Í ljósi umferðaröryggissjónarmiða er það vitaskuld ekki raunhæft. Af þeim sökum telja SAF afar mikilvægt að bifreiðar í eigu ökutækjaleiga njóti undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 822/2004 um hjólbarða með nögglum. Undanþágan gæti orðast svo:

Við 6. tölul. í lið 16.02 í 16. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó er heimilt að nota neglda hjólbarða frá 1. september til 31. maí þegar þeir eru nýttir undir ökutæki sem eru skráð hjá Samgöngustofu sem ökutæki í notkunarflokki ökutækjaleigu.

Rétt er að taka fram að það hefur viðgengist að lögreglan gefi út almennar tilkynningar þess efnis að ekki verði lagðar á sektir vegna negldra dekkja ef akstursaðstæður kalla á notkun þeirra. Slík yfirlýsing er afar mikils virði fyrir almenna bíleigendur sem þurfa að nota bifreiðar í vetrarfærð að vori og hausti. Hún dugir hins vegar skammt í tilviki ökutækjaleiga í ljósi þessa tíma sem það tekur að framkvæma dekkjaskipti á flota bílaleigubíla. Þar sem sektir vegna negldra dekkja nema háum fjárhæðum og geta verið afar íþyngjandi fyrir þá aðila sem hafa yfir mörgum bílum að ráða skapa óljós tímamörk sektarálagningar mikla fjárhagslega óvissu. Með tilliti til umferðaröryggissjónarmiða og fjárhagslegra hagsmuna ökutækjaleiga óska SAF þess að tekið verði jákvætt í þessa beiðni.

Virðingarfyllst,
F.h. SAF – samtaka ferðaþjónustunnar.



Gunnar Valur Sveinsson